



**Fundargerð
oddvitanefndar
Uppsveita Árnessýslu**



Fundur nr. 9 – 11.03.2025

9. fundur oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu (kjörtímabilið 2022 – 2026) var haldinn í Vínstofunni Friðheimum, þriðjudaginn 11. mars 2025 kl. 12:30.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir formaður, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Ársreikningur Laugaráshéraðs.

Fyrir fundinn liggur tölvupóstur frá Svanhildi Pétursdóttur starfsmanni Hrunamannahrepps, dagsettur 24. janúar 2025 þar sem hún tilkynnir um að hún muni ekki lengur sinna ársreikningagerð fyrir Laugaráshérað. Svanhildur Pétursdóttir hefur unnið ársreikninga Laugaráshéraðs í þó nokkur ár. Hún hefur samkvæmt tölvupóstinum hingað til unnið ársreikninginn í samvinnu við endurskoðanda Hrunamannahrepps en telur vegna breytinga að best sé að láta staðar numið núna.

Oddvitanefndin þakkar Svanhildi kærlega fyrir hennar störf og óskar henni velfarnaðar og leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að Bláskógabyggð sjái um gerð ársreiknings héðan í frá þar sem nú þegar sé í gangi samningur við Bláskógabyggð um utanumhald á jörðinni.

2. Laugaráshérað.

Verkefnum oddvitanefndar í tengslum við jörðina Laugarás hefur farið fækkandi undanfarin ár og við gerð nýs samnings um utanumhald Laugarárjarðarinnar var ákveðið lóðarleiga og greiðsla vegna heita vatns greiðist beint til sveitarfélaganna í samræmi við eignarhlut þeirra í jörðinni.

Oddvitanefndin leggur til við sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna að fenginn verði ráðgjafi til að skoða eignarhald og framtíð Laugaráshérað kt. 620169-5879.

3. Byggðapróunarfulltrúi.

Inn á fundinn kom Lína Björg Tryggvadóttir byggðapróunarfulltrúi og fór yfir verkefnastöðu sína og það sem er í gangi hjá henni. Mikil umræða varð um verkefnin og meðal annars um það hvernig oddvitanefndin getur komið að því að aðstoða hana. Lína hefur unnið ötullega að verkefnum sem sett voru inn í atvinnumálastefnu Uppsveita og þakkar oddvitanefndin henni góð störf og góða kynningu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00.